

## 6 – Þéttbýli



*Sjá einnig fletturarnar Afhuga hjónabandi, Piparjúnkur og sjálfstætt líf og Stéttarstaða og hinseginleiki á vefnum Huldukonur.is*



Eitt af einkennum 18. og 19. aldar á Vesturlöndum var aukin þéttbýlismyndun. Á þessu tímabili varð iðnbylting sem olli því að sífellt fleiri leituðu úr sveitum til borga og bæja í leit að vinnu. Þéttbýlisstöðum fjölgaði og þeir stækkuðu hratt, sérstaklega þegar nær dró 20. öld og í upphafi hennar. Fleiri konur en karlar fluttu í þéttbýli. Ástæðan var meðal annars sú að í bæjum fengu konur fleiri tækifæri til að sjá fyrir sér sjálfar. Þær gátu tekið að sér ýmis launuð störf, til dæmis kennslu, saumaskap og þjónustustörf, en erfitt var fyrir þær að fá slíka launavinnu í sveitum.

Í þéttbýli var þess vegna stundum „offramboð“ af konum. Samfélagið samþykkti ekki að konur elskuðu gifta karla, eða sæktust eftir kynlífi með þeim, og ekki þótti heldur gott að þær væru ógiftar. Þetta ástand var vandamál í augum sumra. Það skapaði þó líka ýmis tækifæri fyrir konur sem vildu ekki ganga í hefðbundið hjónaband, heldur standa á eigin fótum eða halda heimili með öðrum konum. Undir lok 19. aldar var fólk farið að samþykkja að konur, sérstaklega af efri stéttum, ættu í tilfinningalegum samböndum við aðrar konur. Þær fengu þannig að búa saman og lifa sameiginlegu fjölskyldulífi án þess að vera litnar hornauga eða gagnrýndar fyrir það. Það var jafnvel talið jákvætt að konur gerðu þetta ef þær höfðu ekki „dottið í lukkupottinn“, fundið sér mann og gengið í hefðbundið hjónaband.

Á Íslandi var þróunin svipuð og í öðrum löndum, þótt þéttbýlismyndun hæfist ekki fyrir alvöru fyrr en undir lok 19. aldar. Í íslenskum bæjum voru konur nokkuð fleiri en karlar á fyrstu áratugum 20. aldar og allmargar ógiftar konur bjuggu í Reykjavík. Sumar þeirra brugðu á það ráð að stofna heimili með öðrum konum. Þær bjuggu jafnvel saman í marga áratugi og ólu saman upp börn (sjá **7. kafla: Hinsegin konur í kvannahreyfingunni**).

Oft var litið svo á að ógiftar konur væru óheppnar í ástamálum, jafnvel þótt þær vildu ekki giftast og tækju meðvitaða ákvörðun um að gera það ekki. Dæmi um slíka konu er Sigríður Björnsdóttir, bóksali og listakona. Í skjalasafni hennar eru fjölmörg bónorðsbréf frá karlmönnum sem hún hefur

líklega hafnað, því hún giftist aldrei. Heimildir benda hins vegar til þess að hún hafi átt í nánu sambandi við Ingibjörgu Guðbrandsdóttur, sem kölluð var Ingibjörg Brands og starfaði sem sund- og leikfimikennari. Þær voru báðar ógiftar konur af borgarastétt og gátu séð fyrir sér án aðstoðar eiginmanna. Vinnukonur og konur af lægri stéttum höfðu færri slíka möguleika. Í þéttbýli gátu konur engu að síður unnið við ýmis störf og fengið laun fyrir. Slíkir atvinnumöguleikar gerðu þeim kleift að vera ógiftar alla sína ævi ef þær vildu og rækta tilfinningasambönd sín á milli (sjá einnig **5. kafla: Andóf gegn hjónabandi**).



### Ég vil engin mök við yður eiga

Sigríður Björnsdóttir var vel ættuð kona og það gerði hana að æskilegu kvonfangi í augum margra karla. Hún var þó aldrei á þeim buxunum að giftast og í skjalasafni hennar er að finna bréf frá allmörgum vonbiðlum sem hún hafnaði. Þar má einnig lesa uppköst og afrit af höfnunarbréfum frá henni, sem sum hver eru ansi harðorð. Eftirfarandi bréf skrifaði hún til ónefnds kaupmanns, sem virðist hafa sent henni mörg bónorðsbréf:

„Hr. Kaupmaður!

Þér vitið að það sem ég síst af öllu geri, er að svara bréfum yðar (aðal meiningunni með þeim er ég marg búin að svara) og þér eruð búinn að bjóða mér eitt velmeint Farvel [bless] en sendið samt bréf. Ergo birjaður að cirkulera [fara í hringi] upp á gamla mátann.

Það er circulationin sem ég vil benda yður á með línunum þessum, annars hefði ég ekki tekið mér penna í hönd, heldur sent bréfið aftur, sem þegjandi vott um að ég vil engin mök við yður eiga.

S.B.“

## Verkefni



- » Spyrjið fjölskyldumeðlimi, afa og ömmur, vini og kunningja sem eru talsvert eldri en þið hvort þau muni eftir konum sem bjuggu og héldu heimili saman „í gamla daga“. Hvaða augum leit samfélagið þær? Var slúðrað um þær, litið niður á þær eða voru þær samþykktar?
- » Hinsegin fólk hefur oft flutt til stórborga og stórra bæja, bæði í fortíð og nútíð. Af hverju ætli það sé?